

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hólaberg 86.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 26. ágúst 2016 breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, Hólahverfis, vegna Hólabergs 86. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur til vesturs frá núverandi húsi, felld er niður kvöð um göngustíg meðfram bílastæði og innkeyrsla á bílastæði frá lóð nr. 84 er felld niður og verður aðkoman beint inn frá Hólabergi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Frakkastígur 26a.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 28. júlí 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.182.3, Kárastígsreits, vegna lóðarinnar nr. 26 og 26a við Frakkastíg. Skilmálar fyrir Frakkastíg 26a breytast. Í breytingunni felst að stækka megi byggingarreit sem nemur 5,3 m², hámarksnýtingarlutfall 0,97, heimild er fyrir einn kvist á hvorri hlið, miðjusetur á framhlið hússins en staðsetning á bakhlið skal vera a.m.k. 0,5 m frá enda og svalir á suðurhlið. Við endurgerð hússins er heimilt að vera með torfpak á húsinu, hámarks-hæð á bíslagi verði 2,95 metrar og heimilt er að vera með veitingastað í flokki II í húsinu. Núverandi umferðarkvöð um Frakkastíg 26 er óbreytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 1. september 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. september 2016